

Viðskiptaskilmálar Auðar

1 Inngangur

- 1.1 Skilmálar þessir gilda um sparnaðarreikninga Auðar. Auður er vörumerki fyrir rafræna þjónustu um fjármál og er hluti af þeirri þjónustu sem Kvika banki hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, Reykjavík (hér eftir „Kvika“ eða „bankinn“) býður viðskiptavinum upp á. Kvika er með viðskiptabankaleyfi skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Um sparnaðarreikninga Auðar gilda eftirfarandi skilmálar, auk almennra skilmála vegna viðskipta hjá Kviku og aðgengilegir eru á heimasíðu bankans, www.kvika.is.

2 Stofnun sparnaðarreiknings hjá Auði

- 2.1 Viðskiptavinur þarf að kynna sér og samþykka neðangreinda skilmála við upphaf viðskipta.
- 2.1 Við stofnun sparnaðarreiknings Auðar þarf viðskiptavinur að sanna á sér deili með rafrænum skilríkjum. Ef stofnaður er sparnaðarreikningur fyrir hönd lögaðila (fyrirtækis eða félags) þarf prókúruhafi að sanna á sér deili með rafrænum skilríkjum.
- 2.1 Viðskiptavini ber að veita upplýsingar um fyrirhuguð viðskipti sín við stofnun sparnaðarreiknings í samræmi við kröfur laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 2.1 Sparnaðarreikningur Auðar er óbundinn, óverðtryggður, með vöxtum sem ákvarðaðir eru af Kviku og birtir eru á heimasíðu Auðar. Sparnaðarreikningurinn er eingöngu aðgengilegur á heimasíðu Auðar, www.audur.is eða - í gegnum smáforrit (app) Auðar.

3 Persónuvernd

- 3.1 Við umsókn um viðskipti óskar Kvika eftir ýmsum persónuupplýsingum um viðskiptavini. Með undirritun sinni á skilmála þessa veitir viðskiptavinur Kviku heimild til vinnslu persónuupplýsinga. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga er að Kvika geti veitt viðskiptavini umbeðna þjónustu og efnt skuldbindingar sínar samkvæmt lögum og reglum stjórnvalda.
- 3.1 Persónuupplýsingar eru varðveittar á meðan viðskiptasamband varir og lög mæla fyrir um eða viðskiptahagsmunir Kviku krefjast og málefnaleg ástæða þykir til. Málefnaleg ástæða er til staðar ef enn er unnið með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra eða vegna viðskiptalegra hagsmuna bankans, t.d. til þess að afmarka, setja fram og verja kröfur bankans. Kvika leitast við að varðveita ekki upplýsingar á persónugreinanlegu formi lengur en nauðsynlegt er.
- 3.1 Öll samskipti viðskiptavinar vegna Auðar byggja á þeim upplýsingum sem viðskiptavinur veitir. Viðskiptavinur skal upplýsa um allar breytingar á upplýsingum sem hann hefur áður veitt án tafar.
- 3.1 Um vinnslu persónuupplýsinga gildir persónuverndarstefna Kviku sem er aðgengileg á www.kvika.is.

4 Vextir

- 4.1 Upplýsingar um vexti er að finna á heimasíðu Auðar, www.audur.is. Vextir á sparnaðarreikningum Auðar eru breytilegir. Auður er ekki greiðslureikningur og er Kviku heimilt að breyta gildandi vöxtum án fyrirvara. Breytingar á vöxtum taka gildi frá birtingu þeirra á heimasíðu Auðar.
- 4.1 Almenn t er vaxtaárið 360 dagar. Vaxtatímabil miðast við 30 daga í mánuði, en upphafi og lok tímabils fer eftir tegund innlánsreiknings hverju sinni. Almenn t bera innborgunar vexti frá og með þeim tíma er fjármunir eignfærðir á reikning en ef reikningur er stofnaður um helgi eða eftir klukkan 21:00 á virkum degi er bókunardagur innborgunar næsti virki dagur. Síðasti vaxtadagur er dagurinn áður en úttekt er skuldfærð á reikning. Það ræðst af eðli og tegundum reikninga hvenær vextir leggjast við höfuðstól. Fjármagnstekjuskattur er skuldfærður við vaxtabókun.
- 4.1 Viðskiptavinur greiðir enga þóknun fyrir þjónustu tengda sparnaðarreikningum Auðar.

5 Úttektir út af innlánsreikningi

- 5.1 Aðeins viðskiptavinur sjálfur hefur heimild til úttektar af sparnaðarreikningi Auðar. Viðskiptavini er einungis heimilt að taka út af sparnaðarreikningi Auðar og leggja inn á fyrirfram tiltekinn ráðstöfunarreikning á sinni eigin kennitölu. Innstæðan er alltaf laus til útborgunar. Athugið þó að stórgreiðslukerfi bankanna getur tafið afhendingu fjármuna milli bankareikninga á Íslandi. Um stórgreiðslukerfi og aðra fjármálainnviði má lesa á heimasíðu Seðlabanka Íslands undir liðnum Fjármálainnviðir.

6 Uppsögn

- 6.1 Viðskiptavini og Kvikú er heimilt að segja viðskiptasambandi upp hvenær sem er án fyrirvara eða sérstakra tilkynninga. Kvikú skal heimilt að segja upp viðskiptasambandi sínu við viðskiptavin sé umfang og eðli viðskipta með þeim hætti að bankinn telur það ekki arðbært.

7 Öryggisráðstafanir

- 7.1 Kviká áskilur sér rétt til að ákveða einhliða hvaða öryggisráðstafanir teljast fullnægjandi vegna þjónustu Auðar. Viðskiptavinur skal nota rafræn skilríki til að auðkenna sig við innskráningu á heimasíðu Auðar. Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á öllum aðgerðum sem eru framkvæmdar með rafrænum skilríkjum hans og ábyrgist að varðveita þau. Viðskiptavinur ber fulla ábyrgð á öllum aðgerðum, þ. á m. fjárhagslegum færslum sem staðfestar eru með rafrænum skilríkjum hans. Handhafi rafrænna skilríkja ábyrgist jafnframt tjón gagnvart eiganda þeirra (Auðkenni hf.) og/eða Kvikú, sem kann að verða við vörslu eða notkun rafrænna skilríkja, t.d. við misnotkun notanda eða annars aðila. Kviká ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur verður fyrir vegna rafræns þjófnaðar eða annars þjófnaðar, þriðja manns á bankagögnum og/eða öðrum upplýsingum hans.
- 7.1 Viðskiptavinur skal tilkynna Kvikú um grun um misnotkun á rafrænum skilríkjum tafarlaust í gegnum netfangið audur@audur.is

8 Annað

- 8.1 Um sparnaðarreikninga Auðar gildir enginn lágmarksgildistími. Mögulegt er að viðskiptavinur þurfi að greiða skatta og/eða kostnað sem hvorki eru greiddir fyrir milligöngu Kvikú, né Kviká leggur á eða innheimtir. Um þennan samning og markaðssetningu Kvikú á Auði gilda lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu.
- 8.1 Kvikú er heimilt að breyta skilmálum þessum einhliða hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara. Breytingar á öllum skilmálum Auðar eru birtar á heimasíðu Auðar, www.audur.is. Eftir atvikum eru breytingar á skilmálum jafnframt tilkynntar viðskiptavini með tryggum hætti, svo sem með skilaboðum í heimabanka eða tölvupósti, t.a.m. þegar gildandi lög kveða svo á um eða ef um er að ræða verulegar efnislegar breytingar að mati Kvikú. Viðskiptavini ber skylda til að uppfæra tölvupóstfang sitt á heimasíðu Auðar og ber ábyrgð á að Auður hafi ávallt rétt tölvupóstfang viðskiptavinar skráð.
- 8.1 Viðskiptavinur getur ávallt nálgast yfirlit yfir reikninga sína á heimasíðu Auðar sér að kostnaðarlausu. Auður áskilur sér rétt til að afhenda viðskiptavini áramótayfirlit yfir reikninga hans á rafrænu formi í heimabanka. Öll mál sem kunna að rísa vegna sparnaðarreikninga hjá Auði skulu fara eftir íslenskum lögum nema um annað sé samið. Ágreiningi út af samningi þessum má vísa til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Rísi mál vegna þessa samnings skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Viðskiptavini er bent á að lesa ákvæði þessara skilmála og annarra sem eiga við vel áður en hann samþykkir þá rafrænt og leita skýringa hjá starfsmönnum Auðar telji hann einhver ákvæði þeirra óskýr.

Með því að velja „samþykkja“ rafrænt eða undirrita skilmála þessa lýsir viðskiptavinur því yfir að hann hafi kynnt sér skilmálana, samþykkir þá og skuldbindur sig til að nota þjónustuna í samræmi við þá að öllu leyti. Gildandi viðskiptaskilmálar Kvikú, gildandi skilmálar sparnaðarreikninga og birtir vextir á hverjum tíma teljast vera hluti samnings þessa.

Auður sem hluti Kviku banka hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Tölvupóstfang: audur@audur.is

Frekari upplýsingar um Auður má nálgast í Appinu og á vefsvæði félagsins, www.audur.is